

Vogabær hf. eykur við innihaldslýsingu á umbúðum E. Finnsson-bernaisesósu í samráði við Matvælastofnun

Matvælafyrirtækið Vogabær vekur athygli neytenda á því að í Ef-bernaisesósu sem fyrirtækið framleiðir er notaður laktósi, þ.e. mjólkursykur unninn er úr mjólk.

Matvælastofnun gerði athugasemd við að í innihaldslýsingu á umbúðum vörunnar væri einungis talað um laktósi en ekki tilgreint að hann sé unninn úr mjólk.

Starfsmenn Vogabæjar brugðust þegar í stað við með því að setja límmiða á umbúðir þessara tilteknu vöru í verslunum um allt land þar sem skýrt kemur fram að í henni sé notaður laktósi unninn úr mjólk.

Málið varðar eina tegund af Ef-bernaisesósu í 180 ml umbúðum.

Matvælastofnun vísar til reglugerðar um að koma skuli skýrt fram í innihaldslýsingu ef í vöru séu efni á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda eða upprunnin úr þeim. Þar á meðal eru vörur sem framleiddar eru úr mjólkursykri.

Vert er að vekja athygli á því að matvæli með mjólkursykri eru skaðlaus þeim sem ekki hafa óþol eða ofnæmi fyrir mjólkurvörum. Ef-bernaisesósan inniheldur innan við 0,1% af laktósa.

Vogabær biður viðskiptavini sína velvirðingar og hvetur þá, sem hafa óþol eða ofnæmi fyrir mjólkursykri, að forðast að borða vöruna sem hér um ræðir. Unnt er að skila henni til Vogabæjar að Eyrartröð 2a í Hafnarfirði eða utan höfuðborgarsvæðisins í verslunum þar sem varan var keypt.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 414 6500 eða í tölvupósti, mjolka@mjolka.is.

F.h. Vogabæjar hf,

Friðrik Mar Guðmundsson
framkvæmdastjóri.